

Sæbrautarstokkur

Vogahverfi

Vogatorg


Vogabyggð 2

Vogabyggð 3

Vogabyggð 4

Skipulagslýsing vegna nýrra
deiliskipulagsáætlana og
deiliskipulagsbreytinga

Maí 2025



Efnisyfirlit

1.	Formáli	3
2.	Skipulagslýsing	4
3.	Viðfangsefni og meginmarkmið	5
4.	Skipulagssvæðið og núverandi aðstæður	8
5.	Sæbrautarstokkur	9
6.	Nýjar deiliskipulagsáætlanir og deiliskipulagsbreytingar	9
	a. Sæbrautarstokkur, nýtt deiliskipulag	9
	b. Vogahverfi, deiliskipulagsbreyting	10
	c. Vogabyggð 2, deiliskipulagsbreyting	10
	d. Vogabyggð 3, deiliskipulagsbreyting	10
	e. Vogabyggð 4, nýtt deiliskipulag	10
	f. Vogatorg, nýtt deiliskipulag	11
7.	Tengsl við áætlanir og stefnur	11
	a. Svæðisskipulag	11
	b. Aðalskipulag Reykjavíkur 2024	11
	c. Samgöngusáttmáli höfuðborgarsvæðisins	12
	d. Sundabraut	12
8.	Umhverfisáhrif og umhverfismat	13
9.	Skipulagsferli, kynning og samráð	13
	a. Skipulagsferli	13
	b. Samráðs- og umsagnaraðilar	13
	c. Tímasetningar helstu verkáfanga	13

1. Formáli

Til stendur að setja Sæbraut í stokk á um 1 km löngum kafla, frá Miklubraut og norður fyrir gatnamót Kleppsmýrarveggar og Skeiðarvogs. Eitt af markmiðum með gerð vegstokka er að bæta umhverfisgæði í aðliggjandi byggð og tengja betur saman hverfi sem eru aðskilin með umferðarpungum stofnbrautum. Á yfirborði stokksins verður nýr borgargarður sem myndar græna tengingu milli Vogahverfis og Vogabyggðar. Með tilkomu stokksins verða hljóðvist og loftgæði á svæðinu betri og tækifæri skapast fyrir nýja byggð meðfram austurhluta stokksins.

Sæbrautarstokkur er ein af lykilforsendum fyrir uppbyggingu Borgarlínu, aukinni afkastagetu fólksflutninga austur/vestur um höfuðborgarsvæðið og tengingu nýrra uppbyggingarsvæða á Ártúnshöfða, Keldum og Blikastaðalandi við samgöngukerfi höfuðborgarsvæðisins. Borgarlína kemur til með að aka frá Suðurlandsbraut yfir suðurhluta nýja stokksins og þaðan yfir Geirsnef í átt að Ártúnshöfða. Samhliða Borgarlínu verða stofnstígar fyrir hjólréiðar.

Sæbrautarstokkur er ein af þeim stofnvegaframkvæmdum sem heyra undir Samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins¹. Sáttmálinn hefur það að markmiði að bæta samgöngur á höfuðborgarsvæðinu og auka lífsgæði til framtíðar. Sæbrautarstokkur er mikilvægur hluti af heildarsýn fyrir stofnvegakerfið og tengingu Sundabrautar við það. Sæbrautarstokkur tryggir frjálst flæði bílaumferðar um tvenn gatnamót sem eru ljósastýrð í dag, sem er einnig ein af forsendum fyrir góðu umferðarflæði að og frá fyrirhugaðri Sundabraut.




Mynd 1: Loftmynd sem sýnir þann hluta Sæbrautar sem verður lagður í stokk, horft er í norður. Akreinar verða grafnar niður í vegstokk og í þeirra stað kemur nýr borgargarður sem myndar tengingu milli Vogahverfis og Vogabyggðar. Tvenn ljósastýrð gatnamót á Sæbraut hverfa, meginstraumur umferðar á Sæbraut verður því í frjálsum flæði á kaflanum.

¹ [Samgöngusáttmáli höfuðborgarsvæðisins](#), Stjórnarráð Íslands

2. Skipulagslýsing

Vinna þarf nýtt deiliskipulag fyrir Sæbrautarstokk sem kallar á breytingar á aðliggjandi deiliskipulagsáætlunum fyrir Vogahverfi, Vogabyggð 2 og Vogabyggð 3 (sjá mynd 2). Einnig stendur til að vinna nýtt deiliskipulag fyrir svæðið austan megin við stokkinn, milli Sæbrautar og Dugguvogs sem fær heitið Vogabyggð 4. Nýtt deiliskipulag fyrir skiptistöð Borgarlínu við Vogatorg er einnig í vinnslu (sjá mynd 3).



Mynd 2: Skýringarmynd sem sýnir mörk gildandi deiliskipulagsáætlana og drög að mörkum deiliskipulags fyrir Sæbrautarstokk. Mörk stokksins skarast við mörk aðliggjandi áætlana.

Mynd 3: Skýringarmynd sem sýnir mörk gildandi deiliskipulagsáætlana og drög að mörkum nýrra deiliskipulagsáætlana.

Lýsing þessi er sameiginleg fyrir nýtt deiliskipulag Sæbrautarstokks, Vogabyggðar 4 og Vogatorgs. Einnig er gerð grein fyrir þeim breytingum sem gera þarf á gildandi deiliskipulagsáætlunum. Markmið lýsingar er að tryggja aðkomu almennings og hagsmunaaðila að skipulagsferlinu strax á fyrstu stigum þess, enda er mikilvægt að sjónarmið þeirra séu höfð að leiðarljósi. Með kynningu á sameiginlegri lýsingu fá hagaðilar skýrari heildarsýn yfir skipulagsverkefnin á fyrstu stigum og áhrif þeirra hvert á annað.

Í lýsingu koma fram helstu forsendur, áherslur og markmið við skipulagsgerðina. Í henni er jafnframt gerð grein fyrir tengslum við fyrirbyggjandi skipulagsáætlanir ásamt því hvernig kynningarferli verður háttað. Á seinni stigum verða deiliskipulagsáætlanir kynntar hver fyrir sig og þar koma fram ítarlegri upplýsingar um hverja tillögu.

Á kynningartíma lýsingar gefst hagsmunaaðilum tækifæri til að koma á framfæri ábendingum og athugasemdum um efni lýsingarinnar. Ábendingar sem kunna að berast verða hafðar til hliðsjónar við mótn deiliskipulagsáætlanna en er ekki svarað með formlegum hætti. Nánar er fjallað um skipulagsferlið í kafla 9.

Skipulagslýsing er unnin af Reykjavíkurborg, í samstarfi við Betri samgöngur og Vegagerðina.

3. Viðfangsefni og meginmarkmið

Meginmarkmið með gerð Sæbrautarstokks og borgargarðs á yfirborði stokksins er að bæta lífsgæði og styrkja vistvænar tengingar á milli Vogahverfis og Vogabyggðar. Til að ná þessu markmiði verða eftirfarandi viðfangsefni í forgrunni við gerð deiliskipulags fyrir stokkinn:

- Hönnun stokksins og borgargarðs á yfirborði hans verði vönduð og metnaðarfull og skapi aðlaðandi og vistlegt borgarumhverfi.
- Gróður og landmótum nýtt til að skapa fjölbreytt og skjólrík svæði, bæta veðurfar og ásýnd.
- Í borgargarði verði aðstaða til hreyfingar, afþreyingar og útivistar.
- Á yfirborði stokksins verði vel skilgreindar göngu- og hjólaleiðir sem tryggja gott aðgengi fyrir alla vegfarendur.
- Borgarlína eigi greitt aðgengi yfir suðurhluta stokksins
- Á yfirborði stokksins verði góðir stígar fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur.

Eitt af markmiðum með gerð stokka er að bæta umhverfisgæði í aðliggjandi byggð og tengja betur saman hverfi sem eru aðskilin með umferðarpungum stofnbrautum. Með því að setja Sæbraut í stokk myndast tenging milli Vogahverfis og Vogabyggðar í formi nýs borgargarðs á yfirborði stokksins, hljóðvist og loftgæði á svæðinu verða betri og tækifæri skapast fyrir nýja byggð meðfram austurhluta stokksins. Borgargarðurinn verður nýtt útivistarsvæði og hluti af Græna neti Reykjavíkurborgar.

Í nýju deiliskipulagi fyrir Vogabyggð 4 verður gert ráð fyrir blöndu af íbúðum, verslun- og þjónustu og atvinnuhúsnæði. Lögð verður áhersla á að uppbygging falli vel að núverandi byggð og nýjum borgargarði. Verslun- og þjónusta verði vel staðsett m.t.t. nýrrar skiptistöðvar Borgarlínu við Vogatorg og í tengslum við borgargarðinn.

Á skýringarmyndum 4-7 má sjá fyrstu hugmyndir að því hvernig svæðið gæti mögulega litið út að framkvæmdum loknum. Hafa ber í huga að um fyrstu hugmyndir er að ræða og gera má ráð fyrir að borgararðurinn og byggð meðfram stokknum og á Vogatorgi muni taka breytingum eftir því sem verkefnið þróast áfram. Myndirnar eru unnar af Arkís í samstarfi við Tröð og Landslag.



Mynd 4: Fyrstu hugmyndir um framtíðarsýn. Horft er í norður yfir nýja borgargarðinn á yfirborði stokksins. Fremst á mynd er ný skiptistöð við Vogatorg sem tengir uppbyggingarsvæði á Ártúnshöfða og Keldum við Borgarlínu. Frá Vogatorgi til austurs liggur akvegur fyrir Borgarlínu ásamt hjóla- og göngustígum á brú yfir Elliðaárvoga og til suðurs í Mjódd (Arkís, Tröð og Landslag)



Mynd 5: Á efri myndinni sést svæðið eins og það lítur út í dag. Neðri myndin er skýringarmynd sem sýnir hvernig svæðið gæti litið út að framkvæmdum loknum. Í stað Sæbrautar er kominn nýr borgargarður, til vinstri á myndinni sést ný skiptistöð Borgarlínu á Vogatorgi og meðfram austurhlíð stokksins er ný byggð. Efst á mynd fyrir miðju sést fyrirhugaður nýr skóli, Skólabrú.



Mynd 6: Til vinstri er loftmynd af svæðinu eins og það lítur út í dag. Til hægri má sjá fyrstu hugmyndir að því hvernig svæðið gæti litið út að framkvæmdum loknum. Neðst á mynd má sjá nýja skiptistöð á Vogatorgi og til hægri sést fyrirhugaður leik- og grunnskóli við Fleyvang. (Arkís, Tröð og Landslag)



Mynd 7: Fyrstu hugmyndir um framtíðarsýn. Horft er í suðaustur yfir gatnamót Sæbrautar og Kleppsmýrarvegjar/Skeiðarvogs. Neðst til vinstri á mynd er gangnamuni stokksins. (Arkís, Tröð og Landslag)

4. Skipulagssvæðið og núverandi aðstæður

Sæbraut er í dag ráðandi þáttur í umhverfi skipulagssvæðisins sem skilur að íbúðabyggð í Vogabyggð og Vogahverfi. Aðgengi gangandi og hjólandi vegfarenda milli hverfanna er ábótavant enda umferð um Sæbraut mikil og hröð. Ný tímabundin göngubrá yfir Sæbraut, sem taka á í notkun í byrjun sumars, mun þó bæta aðgengi að einhverju leyti. Hávaði og önnur mengun vegna umferðar á Sæbraut hefur áhrif á lífsgæði íbúa og takmarkar frekari uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Vogabyggð meðfram Sæbraut.

Mikil uppbygging hefur átt sér stað í Vogabyggð á undanförunum árum, sem hefur gerbreytt ásýnd þessa gamla atvinnusvæðis við Elliðaárvoga. Uppbygging í Vogabyggð hófst árið 2018 og í fullbyggðu hverfinu er gert ráð fyrir allt að 1.300 íbúðum. Deiliskipulag Vogabyggðar, sem var unnið af Teiknistofunni Tröð, er skipt upp í fimm deiliskipulagshluta, Vogabyggð 1-5. Skipulag svæðisins gerir ráð fyrir fjölbreyttum húsakosti íbúðar- og atvinnuhúsnæðis í 3-5 hæða randbyggð, sem myndar heildstæðar götummyndir í borgarmiðuðu gatnakerfi. Grunnstefið í skipulagshugmynd Vogabyggðar er að hverfið sé heildstæð og sjálfbær eining sem einkennist af mikilli blöndu íbúðar- og atvinnuhúsnæðis sem ramar inn fjölskrúðugt mannlíf, mismunandi alders- og þjóðfélagshópa.

Vestan megin Sæbrautar er rótgróin íbúðabyggð í Vogahverfi. Næst Sæbrautinni eru 1-3 hæða há hús, fjölbreytt í útliti og gerð. Á suðurhluta svæðisins er Steinhlið sem er 55 barna þriggja deilda leikskóli sem hefur verið starfræktur frá árinu 1949. Hann er því einn af elstu leikskólunum í Reykjavík. Í Steinhlið er áhersla lögð á umhverfismennt og útveru enda sérstaða Steinhliðar sú að þau hafa yfir að ráða stórum og fallegum garði. Steinhlið mun því án efa njóta góðs af nálægð við nýjan borgargarð á yfirborði stokksins.

Austan við Vogabyggð er gert ráð fyrir nýjum samþættum leik- og grunnskóla, Skólaláti, fyrir allt að 720 nemendur sem mun þjóna íbúum Vogabyggðar. Haldin var samkeppni um hönnun skólans og umhverfi hans sem lauk í apríl 2024. Í vinningstillögu Úti og inni arkitekta er skólinn hannaður sem brú og á þaki hans er útivistarsvæði.



Mynd 8: Skýringarmynd úr deiliskipulagi Vogahverfis. (Teiknistofan Tröð)

5. Sæbrautarstokkur

Sæbrautarstokkur er ein af lykilframkvæmdum Samgöngusáttmála Höfuðborgarsvæðisins og á samkvæmt áætlun að koma til framkvæmda árið 2027 og vera tilbúinn árið 2030. Framkvæmdin felst í að lækka syðsta hluta Sæbrautar og setja hana í vegstokk, á um 1 km löngum kafla frá gatnamótum við Miklubraut og norður fyrir gatnamótin við Skeiðarvog /Kleppsmýrarveg. Stokkurinn verður tvískiptur með tveimur akreinum í hvora átt. Á stærstum hluta stokksins verða einnig að- og fráreinar til breikkunar. Lofthæð í stokknum verður um 6,5 m en dýpi á greftri fyrir stokk er áætlað um 9,5 m. Heildarbreidd stokks er almennt um 23 metrar fyrir tvær akreinar í hvora átt og um 30 m með viðbætti blöndunarrein en nokkru meiri við rampa að og frá Kleppsmýrarvegi/Skeiðarvogi.



Mynd 9: Skýringarmynd sem sýnir þversnið í tvískiptan stokk með tveimur akreinum í hvora átt og blöndunarreinum.

Í framkvæmdinni felst einnig aðlögun á aðliggjandi götum með nýjum og breyttum gatnamótum við Kleppsmýrarveg/Skeiðarvog, breytingu á gatnamótum við Súðarvog og aðlögun á göngu- og hjólastígum auk veitukerfa. Lokað verður fyrir umferð frá Sæbraut inn Súðarvog en ný tenging fyrir akandi umferð verður milli Suðurlandsbrautar og Súðarvogs, ofan á stokknum. Fyrsta lota Borgalínu fer yfir suðurhluta stokksins ásamt hluta lotu þrjú sem tengir Mjódd við Vogatorg.

Sæbrautarstokkur kallar á breytingar á aðliggjandi svæðum í formi varanlegra og tímabundinna skerðinga á lóðum og niðurrifi hluta núverandi fasteigna sem verður skilgreint nánar í deiliskipulagi. Á framkvæmdatíma verður lögð áhersla á að tryggja ásættanlegt umferðarflæði á Sæbraut og öryggi allra vegfarenda. Samkvæmt forhönnun stokksins er gert ráð fyrir bráðabirgðavegum austanvert meðfram framkvæmdasvæðinu og bráðabirgðagatnamótum Kleppsmýrarvegar og Sæbrautar. Á framkvæmdatíma verður aðgengi fyrir gangandi og hjólandi um færanlega göngubrú yfir Sæbraut.

Sæbrautarstokkur tryggir frjálst flæði bílaumferðar um tvenn gatnamót sem eru ljósaðstýrð í dag, sem er einnig ein af forsendum fyrir góðu umferðarflæði að og frá fyrirhugaðri Sundabraut. Ákjósanlegt er að framkvæmdum við Sæbrautarstokk sé lokið eða þær komnar vel á veg þegar framkvæmdir vegna Sundabrautar hefjast, til þess að hægt verði að tryggja viðunandi umferðarflæði um Sæbraut á framkvæmdatíma Sundabrautar

6. Nýjar deiliskipulagsáætlanir og deiliskipulagsbreytingar

a. Sæbrautarstokkur, nýtt deiliskipulag

Deiliskipulagsvinnan felst í því að móta framtíðarskipulag Sæbrautarstokks, þar sem áhersla er lögð á bæði umferðarmannvirkið sjálft sem og nýtingu svæðisins ofan á því.

Deiliskipulagsmörk Sæbrautarstokks liggja að lóðamörkum til austurs og vesturs og ná yfir framkvæmdasvæði stokksins til norðurs og suðurs. Gatnamót við Sæbraut og

Kleppsmýrarveg/Skeiðarvog eru innan deiliskipulagssvæðisins og liggja deiliskipulagsmörkin inn Kleppsmýrarveg og Skeiðarvog, að lóðamörkum beggja vegna gatnanna. Deiliskipulagsmörkin geta breyst á seinni stigum.

Á yfirborði stokksins verður nýr borgargarður ásamt stígum fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Í deiliskipulagi verða settir skilmálar og markmið um hönnun garðsins, notkun hans og ásyn og áhersla lögð á að hann falli vel að aðliggjandi íbúðabyggð. Deiliskipulagsvinnan felst í því að móta framtíðarskipulag Sæbrautarstokks, þar sem áhersla er lögð á bæði umferðarmannvirkið sjálft sem og nýtingu svæðisins ofan á því. Nýtt grænt borgarrými tengir saman Vogahverfi og Vogabyggð með góðum göngu- og hjólatengingum, sem mun styrkja tengsl milli hverfanna tveggja. Staðbundin umhverfisáhrif bílaumferðar minnka verulega og hljóðvist og loftgæði í aðliggjandi byggð munu taka jákvæðum breytingum með tilkomu stokksins.

b. Vogahverfi, deiliskipulagsbreyting

Gerðar verða breytingar á gildandi deiliskipulagi Vogahverfis sem felast í því að aðlagða deiliskipulagsmörk að deiliskipulagi Sæbrautarstokks og deiliskipulagi Borgarlínu á Suðurlandsbraut. Lóð leikskólans Steinahlíðar minnkar til suðurs en stækkar að sama skapi til austurs.

Nauðsynlegt er að klára breytingar á deiliskipulagi Vogahverfis til þess að unnt verði að ljúka við deiliskipulag Sæbrautarstokks, þar sem mörk þeirra skarast. Lögð verður áhersla á að ljúka við breytingarnar samhliða gerð deiliskipulags fyrir stokkinn.

c. Vogabyggð 2, deiliskipulagsbreyting

Gerðar verða breytingar á mörkum deiliskipulagsins og þau aðlöguð að nýju deiliskipulagi fyrir Vogabyggð 4. Við það minnkar deiliskipulagssvæðið til vesturs. Gera má ráð fyrir að byggingarheimildir á lóðum sem eru innan Vogabyggðar 2 færist yfir í Vogabyggð 4 og að þær taki breytingum.

d. Vogabyggð 3, deiliskipulagsbreyting

Gerðar verða breytingar á mörkum deiliskipulagsins og þau aðlöguð að nýju deiliskipulagi fyrir Vogabyggð 4 og Vogatorg. Gert er ráð fyrir að þær lóðir sem í dag eru innan deiliskipulags Vogabyggðar 3 verði þar áfram.

Nauðsynlegt er að klára breytingar á deiliskipulagi Vogabyggðar 2 og 3 til þess að unnt verði að ljúka við nýtt deiliskipulag fyrir Vogabyggð 4, þar sem mörk þeirra skarast. Lögð verður áhersla á að ljúka við breytingarnar samhliða gerð deiliskipulags fyrir Sæbrautarstokk og Vogabyggð 4.

e. Vogabyggð 4, nýtt deiliskipulag

Nýtt deiliskipulag fyrir Vogabyggð 4 nær yfir svæðið milli Dugguvogs og Sæbrautar, frá Kleppsmýrarvegi í norðri að Vogatorgi í suðri. Í gildandi deiliskipulagi fyrir Vogabyggð 2, sem nær yfir hluta þess svæðis sem Vogabyggð 4 mun ná til, er nær eingöngu gert ráð fyrir atvinnuhúsnæði. Með tilkomu Sæbrautarstokks breytast forsendur fyrir framtíðar uppbyggingu á svæðinu og í nýju deiliskipulagi verður blöndu íbúðarhúsnæðis, verslun- og þjónustu og atvinnuhúsnæði.

Stefnt er að því að vinna nýtt deiliskipulag fyrir Vogabyggð 4 í tveimur áföngum. Í fyrri áfanga verður svæðið skilgreint sem þróunarsvæði, með vísan í 6. mgr. 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010² og settar inn nauðsynlegar niðurrifs- og framkvæmdaheimildir vegna Sæbrautarstokks.

Í seinni áfanga verði unnið deiliskipulag fyrir framtíðaruppbyggingu blöndu íbúðar- og atvinnuhúsnæðis. Lögð verður áhersla á að ný byggð meðfram stokknum verði í góðu jafnvægi við

² „Við deiliskipulagsgerð í þegar byggðu hverfi getur sveitarfélag ákveðið að skilgreina afmarkað svæði sem þróunarsvæði þar sem vinna skal hefðbundið deiliskipulag. Í slíkri áætlun skal tilgreina framkvæmdatíma áætlunarinna sem skal vera a.m.k. fimm ár en ekki lengri en fimmtán ár. Framkvæmdatími áætlunarinnar hefst við gildistöku áætlunarinnar en ef hann er ekki tilgreindur skal miða við fimmtán ár.“ [Skipulagslög nr. 123/2010](#).

núverandi byggð í Vogabyggð og Vogahverfi og vinni vel með fyrirhuguðum borgargarði á yfirborði stokksins. Tryggja þarf gott samspil við fyrirhugaða Borgarlínustöð á Vogatorgi og farsæla blöndun íbúða- og atvinnuhúsnaðis.

Ástæður þess að deiliskipulagsvinnunni er skipt í þessa tvo áfanga er annars vegar nauðsyn þess að áætlun fyrir framkvæmdir við stokkinn haldist, en til þess þarf samþykkt deiliskipulag að liggja fyrir á þessu ári. Að mati Reykjavíkurborgar er rík ástæða til að vanda til verka við skipulag á framtíðaruppbyggingu meðfram stokknum til þess að tryggja að ný byggð meðfram stokknum sé vönduð og metnaðarfull. Því verður lengri tími gefinn fyrir gerð seinni áfanga deiliskipulagsins og það unnið síðar.

f. Vogatorg, nýtt deiliskipulag

Nýtt deiliskipulag fyrir Vogatorg liggur að mörkum deiliskipulags Sæbrautarstokks til vesturs, deiliskipulags Vogabyggðar 4 til norðurs, fyrirhuguðu deiliskipulagi Borgarlínu yfir Geirsnef til austurs og lóðamörkum við Knarrarvog 2 til suðurs. Samhliða gerð deiliskipulags fyrir Vogatorg þarf að gera breytingar á mörkum aðliggjandi deiliskipulags fyrir Vogabyggð 5. Í deiliskipulagi verður gert ráð fyrir skiptistöð Borgarlínu ásamt nýbyggingum fyrir verslun og þjónustu.

7. Tengsl við áætlanir og stefnur

a. Svæðisskipulag

Framkvæmd Sæbrautarstokks er í samræmi við leiðarljós svæðisskipulagsins um skilvirkar samgöngur og nútímalegt samgöngukerfi. Sá hluti Sæbrautar sem leggja á í stokk er flokkaður sem einn af meginstofnvegum höfuðborgarsvæðisins vegna nálægðar við Sundahöfn, aðal inn- og útflutningshöfn landsins.

b. Aðalskipulag Reykjavíkur 2024

Sæbrautarstokkur er skilgreindur í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 en þar segir m.a. að markmið með gerð stokka séu einkum þau að draga úr umhverfisáhrifum umferðar og bæta borgarbrag í aðliggjandi hverfum.

Deiliskipulagsmörk Sæbrautarstokks ná inn á landnotkunarreiti fyrir Miðsvæði (M9 og M19), opið svæði (OP30), íbúðabyggð (ÍB25, ÍB27 og ÍB59) ásamt þróunarsvæðum ÞS47, ÞS48 og ÞS49.

Nýtt deiliskipulag fyrir Vogabyggð 4 verður á landnotkunarreit fyrir miðsvæði (M19) og þróunarsvæði (ÞS47 og ÞS48). Um **miðsvæði** M19 segir að einkum sé gert ráð fyrir verslun og þjónustu, skrifstofum, stofnunum og íbúðum, einkum á efri hæðum. Léttur iðnaður er einnig mögulegur. Hótel og gististarfsemi er heimil. Matvöruverslun er heimil.

Í aðalskipulagi kemur fram að á **þróunarsvæðum** innan núverandi byggðar rísi þétt blönduð byggð í manneskjulegum mælikvarða. Á slíkum svæðum samtvinnast íbúðir, skrifstofur, verslun og þjónusta innan sömu göturreita. Byggðin verði yfirleitt 2–5 hæðir og þéttleiki ekki minni en 40–60 íbúðir á hektara. Þess verði gætt að þétting byggðarinnar samræmist vel sögulegu byggðamynstri miðborgarinnar. Ekki



Mynd 10: Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, þéttbýlisuppráttur ásamt drögum að deiliskipulagsmörkum Sæbrautarstokks (rauð brotalína).

verði gengið á opin græn svæði með útivistar- eða verndargildi. Með þessari lýsingu og komandi deiliskipulagi er verið að fjölga grænum svæðum og nýta þau til að opna á milli hverfa.

Deiliskipulag Sæbrautarstokks samræmist meginmarkmiði aðalskipulagsins um að „götur borgarinnar verði vistlegar, gróðursælar og öruggar og þjóni öllum ferðamátum. Svæði meðfram stofnbrautum verði endurheimt og þróuð fyrir þetta borgarbyggð, með stokkalausnum og endurhönnun umferðargatna.“ Deiliskipulagið er einnig í samræmi við önnur meginmarkmið aðalskipulagsins s.s.:

- Uppbyggingin verði í manneskjulegum mælikvarða og styðji við almenningssamgöngur, hjólandi og gangandi.
- Lýðheilsa borgarbúa verði ávallt höfð að leiðarljósi við skipulagningu og hönnun borgarumhverfisins. Skipulag hverfa örvi almennt hreyfingu, samveru, mannlíf og vistvænar ferðavenjur.
- Að íbúar allra hverfa borgarinnar hafi gott aðgengi að grænum svæðum og fjölbreyttum almenningssvæðum.

Skipulag borgargarðs á yfirborði stokksins er í samræmi við þau markmið sem sett eru fram í viðauka Aðalskipulagsins, *Græna borgin*:

- Styrkja náttúru, landslag og útivistarsvæði í borginni sem hluta af bættum lífsgæðum og lýðheilsu borgarbúa.
- Tryggja borgarbúum fjölbreytt, aðlaðandi og aðgengileg opin svæði til framtíðar og auka græna ásýnd borgarinnar með trjám og öðrum gróðri.
- Styrkja samfelldan vef opinna svæða um allt borgarlandið sem tengir saman hverfi, heimili og atvinnusvæði.

c. Samgöngusáttmáli höfuðborgarsvæðisins

Íslenska ríkið og sex sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, Garðabær, Hafnarfjörður, Kópavogur, Mosfellsbær, Reykjavík og Seltjarnarnes, standa sameiginlega að samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins um metnaðarfulla uppbyggingu á samgönguinnviðum og almenningssamgöngum á höfuðborgarsvæðinu til ársins 2040.

Samgöngusáttmálinn felur í sér sameiginlega framtíðarsýn og heildarhugsun fyrir höfuðborgarsvæðið. Markmiðið er að auka öryggi, bæta samgöngur fyrir alla ferðamata og minnka tafir, stórefla almenningssamgöngur og draga úr mengun af völdum svifryks og losun gróðurhúsalofttegunda til að standa við loftslagsmarkmið stjórnvalda og sveitarfélaga.

Stytti ferðatími, minni tafir, aukið umferðaröryggi, áhersla á að draga úr kolefnisspori, stórbættar almenningssamgöngur, fjölgun hjóla- og göngustíga og uppbygging stofnvega eru kjarninn í uppfærðum samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins sem undirritaður var 21. ágúst 2024. Tímamót urðu þegar samgöngusáttmálinn var fyrst undirritaður 26. september 2019.

d. Sundabraut

Vegagerðin í samvinnu við Reykjavíkurborg vinnur að undirbúningi Sundabrautar frá Sæbraut að Kjalarnesi. Vinna við frumdrög og valkostagreiningar stendur yfir ásamt umhverfismati valkosta en til skoðunar eru tveir meginvalkostir fyrir þverun Kleppsvíkur, brú og göng. Baðir kostir gera ráð fyrir að Sundabraut tengist Sæbraut á eða í grennd við gatnamót Sæbrautar og Holtavegar. Forsenda fyrir báða valkosti er að Sæbraut verði lögð í stökk á þeim kafla sem lýsing þessi fjallar um. Ákjósanlegt er að framkvæmdum við Sæbrautarstokk sé lokið eða þær komnar vel á veg þegar framkvæmdir við Sundabraut hefjast, til þess að hægt verði að tryggja viðunandi umferðarflæði um Sæbraut á framkvæmdatíma Sundabrautar

8. Umhverfisáhrif og umhverfismat

Framkvæmd Sæbrautarstokks er háð mati á umhverfisáhrifum sbr. lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Drög að umhverfismatsskýrslu framkvæmdarinnar³ voru kynnt árið 2022 og unnið er að uppfærslu á henni sem verður kynnt samhliða deiliskipulagi fyrir stokkinn. Í skýrslunni er t.a.m. horft til þess hvaða áhrif Sæbrautarstokkur getur haft á þætti á við borgarlandslag, þróun byggðar, landnotkun, ásynd, loftslag, hljóðvist, jarðmyndanir, vatnafar, náttúru- og menningarminjar og samfélagið.

Vegna áforma um framkvæmdir sem hafa jarðrask í för með sér ber að huga að fornleifum í jörðu. Á svæðinu eru heimildir um fornminjar og aðrar minjar sem allar eru þó horfnar vegna fyrri vegagerðar. Þær eru landamerki Markalækjar sem og íbúðarhús, hlaða og matjurtargarður Kleppsmýrarblettis 17, að Útskálum. Á vesturhlið Dugguvogs 42 eru lágmyndir eftir Gerði Helgadóttur. Í skilmálum gildandi deiliskipulags er gerð krafa um að þær verði varðveittar.

Aðrar deiliskipulagsáætlanir sem lýsing þessi nær til eru ekki háðar mati á umhverfisáhrifum sbr. lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 en gerð verður grein fyrir umhverfisáhrifum hverrar áætlunar fyrir sig í samræmi við 12. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

9. Skipulagsferli, kynning og samráð

a. Skipulagsferli

Lýsing þessi er kynnt skv. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Athugasemdir og ábendingar skulu berast gegnum Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar.

Á kynningartíma lýsingar gefst hagsmunaaðilum tækifæri til að koma á framfæri ábendingum og athugasemdum um efni lýsingarinnar. Ábendingar sem kunna að berast verða hafðar til hliðsjónar við mótun deiliskipulagsáætlanna en er ekki svarað með formlegum hætti.

Að kynningu lokinni verða tillögur að nýjum deiliskipulögum og tillögur að deiliskipulagsbreytingum kynntar hver fyrir sig. Stefnt er að því að boða til samráðs- og kynningarfunda um tillögurnar samhliða kynningu á lýsingu og/eða deiliskipulagstillögum.

b. Samráðs- og umsagnaraðilar

- Skipulagsstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Veitur ohf.
- Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.
- Umhverfis- og orkustofnun
- Náttúruverndarstofnu
- Hafrannsóknarstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.
- Gerðarsafn
- Strætó BS

c. Tímasetningar helstu verkáfanga

Maí - Júní	Lýsing kynnt skv. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
September - Október	Deiliskipulagstillögur og deiliskipulagsbreytingar auglýstar hver fyrir sig.
Nóvember - Desember	Samþykkt á nýjum deiliskipulagsáætlunum og deiliskipulagsbreytingum: <i>Sæbrautarstokkur, Vogahverfi, Vogabyggð 4 (1. áfangi), Vogabyggð 2 og Vogabyggð 3. Deiliskipulag Vogatorgs þarf ekki að klára samhliða deiliskipulagi Sæbrautarstokks.</i>

³ „Vegstokkur á Sæbraut. Matsáætlun. Mat á umhverfisáhrifum.“ Verkis 2022.

Minjastofnun Íslands

Henný Helga Hafsteinsdóttir

Umsögn birt 24.06.2025

Meðfylgjandi er umsögn Minjastofnunar Íslands ásamt tveimur fyrri umsögnum sem vísað er í, í umsögn stofnunarinnar.

PDF

Umsögn MÍ 24 júní 2025 - Sæbrautarstokkur - skipulagslýsing.pdf

PDF

Umsögn MÍ 27 júlí 2022 - Vegstokkur á Sæbraut.pdf

PDF

Umsögn MÍ 26 janúar 2017 - Vogabyggð 2 í Reykjavík Deiliskipulag.pdf

3



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið - Skipulagsfulltrúi
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík 24. júní 2025
MÍ202506-0040/ 6.09 / 0645

Efni: Sæbrautarstokkur – skipulagslýsing vegna nýrra deiliskipulagsáætlana og deiliskipulagsbreytinga

Minjastofnun Íslands barst tölvubréf skipulagsgáttarinnar dagsett 5. júní sl. þar sem fram kom að Reykjavíkurborg óskaði eftir umsögn stofnunarinnar um skipulagslýsingu vegna nýs deiliskipulags fyrir Sæbrautarstokk, Vogatorg og Vogabyggð 4 og deiliskipulagsbreytinga fyrir Vogahverfi, Vogabyggð 2 og Vogabyggð 3, mál nr. 0775/2025. Hægt var að hlaða niður greinargerð sem unnin var af Reykjavíkurborg í samstarfi við Betri samgöngur og Vegagerðina, dagsett í maí 2025.

Fyrirhugað er að setja Sæbraut í stökk á um 1 km. kafla, frá Miklubraut og norður fyrir gatnamót Kleppsmýrarvegur og Skeiðarvogs, en þetta svæði tengir saman Vogahverfi til vesturs og Vogabyggð til austurs. Skiptistöð fyrir Borgarlínu mun vera á syðsta hluta svæðisins. Í greinargerðinni má m.a. lesa eftirfarandi:

Nýjar deiliskipulagsáætlanir:

- **Sæbrautarstokkur** – mörk deiliskipulags að lóðarmörkum til austurs og vesturs og ná yfir framkvæmdasvæði stokksins til norðurs og suðurs, en mörkin geta breyst á framkvæmdatíma. Um er að ræða tvískiptan stökk með tveimur akreinum í hvora átt ásamt að- og fráreinum. Lengd er um 1 km. Lofthæð í stökkun verður um 6,5 m. en dýpi á greftri er um 9,5 m. heildarbreidd um 23 m. fyrir tvær akreinar í hvora átt og um 30 m. Með viðbættri blöndunarrein og nokkru meiri við rampa að og frá Kleppsmýrarvegi/Skeiðarvogi. Ofan á stökknum verður borgargarður.
- **Vogatorg** – mörk deiliskipulags að Sæbrautarstokk til vesturs, að deiliskipulagsmörkum Vogabyggðar 4 (og 3) til norðurs, fyrirhuguðu deiliskipulagi Borgarlínu yfir Geirsnef til austurs og lóðarmörkum við Knarrarvog 2 til suðurs. Gert verður ráð fyrir skiptistöð Borgarlínu ásamt nýbyggingum.
- **Vogabyggð 4** – mörk deiliskipulags milli Dugguvogs og Sæbrautar, Kleppsmýrarvegur til norðurs og deiliskipulagsmörk Vogatorgs til suðurs. Þetta svæði er nú innan gildandi deiliskipulags fyrir Vogabyggð 2, en með tilkomu Sæbrautarstokks eru fyrirhugaðar breytingar á þessum hluta skipulagsins og stefnt að því að skilgreina það sem þróunarsvæði þar sem sett verði fram niðurrifs- og framkvæmdaheimildir. Í seinni áfanga verður unnið deiliskipulag fyrir uppbyggingu svæðisins með blöndu íbúðar- og

Minjavarðasvið

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og
nágrennis
henny@minjastofnun.is

atvinnuhúsnaðis. Tekið er sérstaklega fram að Reykjavíkurborg telji mikilvægt að uppbygging meðfram stokknum verði vönduð og metnaðarfull. Vísað er í myndir 4-7 sem sýna fyrstu hugmyndir af framtíðarsýn, en skv. þeim er fyrirhugað að rífa allar núverandi byggingar meðfram stokknum.

Deiliskipulagsbreytingar:

- **Vogahverfi** – Um er að ræða breytingar á deiliskipulagsmörkum og þau aðlöguð að nýju deiliskipulagi Sæbrautarstokks og Borgarlínu á Suðurlandsbraut og mun lóð leikskólans Steinahlíðar minnka til suðurs en stækka til austurs.
- **Vogabyggð 2** – Um er að ræða breytingar á deiliskipulagsmörkum og þau aðlöguð nýju deiliskipulagi Vogabyggðar 4. Svæði Vogabyggðar 2 minnkar þannig til vesturs. Gert er ráð fyrir að byggingarheimildir taki breytingum og færist yfir í Vogabyggð 4.
- **Vogabyggð 3** – Um er að ræða breytingar á deiliskipulagsmörkum og þau aðlöguð að nýju deiliskipulagi Vogabyggðar 4 og Vogatorgs.

Fyrir liggja fjórar skráningarskýrslur sem samanlagt ná til ofangreindra deiliskipulagsáætlana og deiliskipulagsbreytinga. Í skýrslunum er m.a. fjallað um byggðasögu, gerð grein fyrir fornleifum, húsum og mannvirkjum ásamt því að lagt er mat á varðveislugildi húsa.

- *Byggðarkönnun, borgarhluti 4 – Laugardalur*, unnin af Minjasafni Reykjavíkur árið 2013, skýrsla nr. **162**.
- *Vogabyggð svæði 1-3, Byggðakönnun - fornleifaskrá og húsakönnun*, unnin af Borgarsögusafni Reykjavíkur árið 2016, skýrsla nr. **171**.
- *Húsakönnun Vogahverfi* unnin af Minjasafni Reykjavíkur árið 2010, skýrsla nr. **151**.
- *Fornleifaskráning vegna Borgarlínu – Lotu 1 Ártúnshöfði – Fossvogur*, sem unnin var af Borgarsögusafni Reykjavíkur árið 2024, skýrsla nr. **230**.

Tvær fornleifar eru skráðar austast á svæði Vogabyggðar 2 og eru þær utan við mörk deiliskipulagsbreytingarinnar. Heimildir eru um allnokkrar yngri minjar á svæðinu sem hér er til umsagnar og tengjast þær þróunarsögu Reykjavíkur, erfðafestubýlum og seinni heimsstyrjöldinni. Engin hús eða mannvirki á svæðinu falla undir ákvæði laga nr. 80/2012. Rétt er að benda á að í skýrslu Borgarsögusafns nr. 171 er m.a. lagt til að Dugguvogur 2 (áður 42) og Súðarvogur 2 (áður Skektuvogur 1) njóti verndar í rauðum flokki í deiliskipulagi.

Athugasemdir og ábendingar Minjastofnunar Íslands:

Minjastofnun hefur áður veitt umsögn um vegstokk á Sæbraut – matsáætlun og mat á umhverfisáhrifum, í bréfi dagsett 27. júlí 2022. Í þeirri umsögn komu fram ýmsar ábendingar og athugasemdir ásamt vísun í umsögn stofnunarinnar vegna deiliskipulags Vogabyggðar 2, dagsetta 26.

janúar 2017. Ástæða er til að minna á það sem fram kemur í þessum umsögnum nú og eru þær því látnar fylgja með hér sem viðhengi.

Í kafla 7b í meðfylgjandi greinargerð/skipulagslýsingu er dregið fram hvernig deiliskipulagsáætlanirnar samræmist meginmarkmiðum Aðalskipulags Reykjavíkur og er þá einna helst litið til lýðheilsu, vistvænna ferðamáta og aðgengis að grænum svæðum. Minjastofnun telur mikilvægt að við áframhaldandi skipulagsvinnu á svæðinu verði einnig horft til kafla um borgarvernd í AR2040, en þar segir m.a.:

„Staðbundin, söguleg og listræn sérkenni í húsagerð og skipulagi, er gefa Reykjavík sérstöðu meðal borga, verði varðveitt og viðhaldið við þróun og endurskipulagningu byggðar. [...] Verndun menningararfsins og virðing fyrir sögunni og hinu staðbundna er grundvöllur þess að auka gæði byggðarinnar og aðdráttarafl borgarinnar og tryggja sérstöðu hennar meðal borga. [...] Heildstæð stefna um borgarvernd, sem hér er sett fram, nær til allrar borgarinnar og skal ávallt vera hluti aðalskipulags Reykjavíkur.“

Sú mikla uppbygging sem hefur átt sér stað í Vogabyggð á undanförunum árum hefur gerbreytt ásýnd austari hluta þessa gamla iðnaðarsvæðis og má segja að staðbundin og söguleg einkenni þess séu nær alveg horfin. Nú þegar fyrirhugað er að skipuleggja vestari hluta svæðisins sem enn er nokkuð upprunalegt er það mat Minjastofnunar að leggja ætti ríkari áherslu á að varðveita núverandi iðnaðarbyggð (eða hluta hennar) og vinna markvisst með að tengja nýja byggð við hana og ná þannig fram sögulegri dýpt og sérstöðu sem ómögulegt er að skapa aðeins með nýjum byggingum. Mörg húsanna eru dæmigerð iðnaðarhúsnæði sem oft reynist auðvelt að aðlagga að nýrri notkun. Með þessari nálgun telur Minjastofnun enn betri möguleika á að ná fram vandaðri og metnaðarfullri uppbyggingu eins og lagt er til í skipulagslýsingu.

Í umsögn Minjastofnunar um deiliskipulag Vogabyggðar 2 var m.a. farið fram á að skilyrði yrði sett í skilmála deiliskipulagsins um varðveislu hússins við Dugguvog 2 (42) með sérstakri áherslu á veggmynd Gerðar Helgadóttur. Húsið er nánast óbreytt frá upphafi og hefur hátt menningarsögulegt gildi sem hluti af listasögu Reykjavíkur, auk þess að bera atvinnusögu svæðisins vitni. Árið 1974 hlaut húsið viðurkenningu Reykjavíkurborgar sem eitt af fegurstu mannvirkjum í borginni. Í gildandi deiliskipulagi fyrir Vogabyggð 2 er Dugguvogur 2 (42) og Súðarvogur 2 (Skektuvogur 1) skilgreind sem „fyrirliggjandi hús með þróunarmöguleika“. Þannig var gert ráð fyrir að varðveita þau í gildandi skipulagi þrátt fyrir að þau hafi ekki hlotið hverfisvernd í rauðum flokki eins og lagt var til í skýrslu Borgarsögusafns Reykjavíkur.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við breytingar á deiliskipulagsmörkum fyrir Vogahverfi, Vogabyggð 2 og Vogabyggð 3. Stofnunin óskar eftir rökstuðningi fyrir áformum um niðurrif húsa á svæðinu. Fjalla skal sérstaklega um Dugguvog 2 (42) og Súðarvogur 2 (Skektuvogur 1) í skipulagsgögnunum fyrir Vogabyggð 4 og óskað er eftir

rökstuðningi þess að vikið var frá tillögum Borgarsögusafns Reykjavíkur um verndun þessara húsa í deiliskipulagi. Þegar deiliskipulagstillögur fyrir Sæbrautarstokk, Vogatorg og Vogabyggð 4 liggja fyrir skal senda þær Minjastofnun Íslands til umsagnar.

Virðingarfyllst,



Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og nágrennis

Viðhengi:

- Umsögn MÍ dagsett 26. janúar 2017 - Vogabyggð 2 í Reykjavík. Deiliskipulag
- Umsögn MÍ dagsett 27. júlí 2022 – Vegstokkur á Sæbraut – matsáætlun – mat á umhverfisáhrifum

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Reykjavíkur og
nágrennis

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og
nágr.
henny@minjastofnun.is

Skipulagsstofnun
B.t. Þórdís Stella Erlingsdóttir

Borgartúni 7 b
105 Reykjavík

Reykjavík 27. júlí 2022
MÍ202207-0012/ 6.07 /

Efni: Vegstokkur á Sæbraut - matsáætlun - mat á umhverfisáhrifum

Minjastofnun Íslands hefur móttengið bréf Skipulagsstofnunar frá 21. júní sl. þar sem óskað er eftir umsögn um matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar. Óskað er sérstaklega efir því hvort umsagnaraðili hafi athugasemdir við það hvernig framkvæmdaraðili hyggst vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar, svo sem skilgreiningu valkosta, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, umhverfismat og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig hvaða atriðum þurfi að gera frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við umhverfismat framkvæmdarinnar. Meðfylgjandi erindinu var skýrsla *Vegstokkur á Sæbraut, Matsáætlun-mat á umhverfisáhrifum*, unnin af Verkís verkfræðistofu dagsett júní 2022.

Í matsáætluninni kemur fram að fyrirhugaður vegstokkur muni vera um 1 km langur og liggja í vegstæði Sæbrautar við Vogahverfi, milli Vesturlandsvegur og norður fyrir Skeiðarvog/Kleppsmýrarveg. Svæðið er að mestu leyti raskað þar sem um er að ræða núverandi vegstæði og aðliggjandi eru þegar byggð íbúðahverfi í Vogum vestan Sæbrautar og uppbyggingarsvæði í Vogabyggð austan Sæbrautar. Gert er ráð fyrir þverun Borgarlínu við syðri enda vegstokks og biðstöð Borgarlínu austan Sæbrautar. Einnig felst í framkvæmdinni aðlögun á aðliggjandi götum, göngu- og hjólastíga auk veitukerfa. Meðfram austurhlið stokks eru nokkrar byggingar sem eru við og innan framkvæmdasvæðis og eiga þær að víkja vegna framkvæmdanna.

Fyrir liggur *Byggðarkönnun, borgarhluti 4 – Laugardalur*, unnin af Minjasafni Reykjavíkur árið 2013, skýrsla nr. **162** og tekur hún til alls svæðisins. Einnig liggja fyrir byggða- og/eða húsakannanir fyrir annars vegar Vogabyggð og hins vegar Vogahverfi. Þær eru, *Vogabyggð svæði 1-3*, *Byggðakönnun - fornleifaskrá* og *húsakönnun*, unnin af Borgarsögusafni Reykjavíkur árið 2016, skýrsla nr. **171** og *Húsakönnun Vogahverfi* unnin af Minjasafni Reykjavíkur árið 2010, skýrsla nr. **151**.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Í kafla 7 í matsáætluninni er fjallað um helstu umhverfisþætti sem eru taldir líklegir til að verða fyrir áhrifum af framkvæmdunum. Menningarminjar eru þar til umfjöllunar í kafla 7.4.

Þar er vísað í Minjavefsjá Minjastofnunar Íslands, en vakin er athygli á að Minjavefsjáin er ekki tæmandi yfirlit um fornleifar, hús og mannvirki á Íslandi sem njóta verndar skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

Einnig er í lögnum gerður greinarmundur á *fríðuðum* og *fríðlýstum* fornleifum, húsum og mannvirkjum, en í matsáætluninni eru einungis nefndar *fríðlýstar* fornleifar, hús eða mannvirki, eða aðrar þekktar menningarminjar.

Minjastofnun tekur undir það sem fram kemur í matsáætluninni, að fjalla þurfi sérstaklega um húsið Dugguvogi 42 og mögulegar mótvægisáðgerðir. Í því samhengi bendir stofnunin á að þegar hefur verið lagt mat á varðveislugildi hússins með rökstuðningi í ofangreindri skýrslu Borgarsögusafns nr. 171. Húsið er m.a. talið hafa menningarsögulegt gildi vegna lágmynda eftir Gerði Helgadóttur og hefur gildi sem hluti af listasögu Reykjavíkur auk þess að bera atvinnusögu svæðisins vitni. Af því tilefni telur stofnunin vel við eiga að haft verði samband við Gerðarsafn varðandi mögulegar mótvægisáðgerðir. Einnig vísar stofnunin í fyrri umsögn Minjastofnunar vegna deiliskipulags Vogabyggðar dagsett 26. janúar 2017 vegna skilyrða um varðveislu hússins.

Í skýrslu Borgarsögusafns nr. 171 er einnig fjallað um fornleifar á svæðinu. Á því svæði sem merkt er rautt á mynd 1.1 í matsáætluninni (staðsetning framkvæmdar) og mynd 4.1 (frumdrög hönnunar vegstokks) eru engar þekktar sýnilegar fornleifar skráðar, en nokkur hús sem byggð voru eftir 1930 eru skráð á svæðinu sem teljast til yngri minja.

Minjastofnun Íslands telur að fyrirbyggjandi skráningargögn um fornleifar hús og mannvirki á þessu svæði séu fullnægjandi fyrir afgreiðslu ofangreindrar matsáætlunar.

Minjastofnun minnir á að í umhverfismatsskýrslu þarf að sýna á korti/loftmynd allt það svæði sem verður fyrir jarðraski vegna framkvæmdanna. Þá þarf að gera grein fyrir áhrifum framkvæmdanna á fornleifar, hús og mannvirki ásamt yngri minjum og til hvaða mótvægisáðgerða verði gripið.

Minjastofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir við ofangreinda matsáætlun fyrir vegstokk á Sæbraut.

Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 segir meðal annars: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru fríðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Og á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar sem hljóðar svo: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur

stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,



Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og nágr.

Afrit sent:

Þórdís Stella Erlingsdóttir (thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is)

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

Viðhengi:

Umsögn MÍ vegna deiliskipulags Vogabyggðar dagsett 26. janúar 2017



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Reykjavíkurborg, umhverfis - og skipulagssvið
Borgartún 12 - 14
105 Reykjavík

Reykjavík 26. janúar 2017
MÍ201701-0083/ 6.09 / K.M.

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Efni: Vogabyggð 2 í Reykjavík. Deiliskipulag.

Óskað hefur verið eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um tillögu að deiliskipulagi Vogabyggðar 2 í Reykjavík.

Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri
kristinn@minjastofnun.is

Á síðasta ári kom út skýrsla Borgarsögusafns Reykjavíkur, *Vogabyggð. Svæði 1-3. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Í skýrslunni er m.a. gerð grein fyrir skráningu húsa, mannvirkja og fornleifa á því svæði sem deiliskipulagið nær til.

Í Byggðakönnun Borgarsögusafns Reykjavíkur nr. 171 er lagt til að húsið Dugguvogur 2 njóti verndar í rauðum verndunarflokki sbr. verndunarflokka sem skilgreindir eru í borgarverndarstefnu Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030. Tillaga um verndun hússins er rökstudd með því að um sé að ræða merkilegt hús sem fléttar saman myndlist og arkitektúr. Sem slíkt hafi það sérstakt gildi sem hluti af listasögu Reykjavíkur auk þess að bera atvinnusögu svæðisins vitni.

Dugguvogur 2 var byggt árið 1972 eftir uppdráttum Karl-Erik Rocksén arkitekts sem iðnaðar- og skrifstofuhús fyrir flutningafyrirtækið Gunnar Guðmundsson hf. Á vesturhlíð hússins eru lágmyndir eftir Gerði Helgadóttur sem unnar voru að beiðni húseigandans með hliðsjón af teikningum arkitektsins. Myndir Gerðar sækja innblástur í bílahluta og fleira tengt upphaflegri starfsemi í húsinu og nærliggjandi umhverfi. Þær eru felldar inn í steinsteyptan útvegginn og því órjúfanlegur hluti af húsinu. Dugguvogur 2 hlaut árið 1974 viðurkenningu Reykjavíkurborgar sem eitt af fegurstu mannvirkjum í borginni. Húsinu hefur lítið sem ekkert verið breytt frá upprunalegri gerð.

Á yfirlitsmynd (deiliskipulagsuppdrætti 2) er lagt til að Dugguvogur 2 víki fyrir nýjum húsum með þjónustustarfsemi, 3-5 hæða byggð auk kjallara á reit sem auðkenndur er 2-2. Minjastofnun Íslands fer fram á að skilyrði verði sett í skilmála deiliskipulagsins um varðveislu hússins við Dugguvog 2 með sérstakri áherslu á veggmynd Gerðar Helgadóttur.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Ennfremur að húsið verði auðkennt á skýringarupprætti sem núverandi bygging með þróunarmöguleika. Auk þess rökstuðnings sem fram kemur í byggðakönnun Borgarsögusafns Reykjavíkur telur Minjastofnun mikilvægt að varðveita og endurnýta merkar iðnaðarbyggingar í Reykjavík með sérstakt varðveislugildi sem vitnisburð um atvinnusögu Reykjavíkur og sem minningu um sögulega fortíð og uppruna iðnaðarhverfisins við Dugguvog. Í því sambandi má minna á þau mistök sem gerð voru með niðurrifi merkra atvinnuhúsa við Skúlagötu á 9. áratug 20. aldar sem hefðu gefið nýju byggðinni þar aukið gildi ef hugað hefði verið að varðveislu þeirra í tæka tíð.

Í Byggðakönnun Borgarsögusafns Reykjavíkur er gerð grein fyrir minjum innan deiliskipulagsreitsins. Tvær fornleifar (231-14 og 42) eru skráðar á reitnum, tvær herminjar (231- 38 og 54) og sjö minjar (231-48-52 og 55-56) frá 1931 og yngri.

Um fornleifarnar, naust (231-14) og götu (231-42), eru einungis til heimildir. Um naustið segir í Byggðakönnun Borgarsögusafnsins: *Naustagil hefur líklega gengið niður þar sem í dag er lóðin Súðavogur 7. Búið er að fylla upp í gilið að miklu leyti, en áður var þarna gróið gil. Samkvæmt örnefnaskrá heitir gilið fyrir sunnan Björg við Arnarvog Naustagil. Ekki er naust þar lengur að sjá, en trúlega hefur verið gert út frá þessum stað og báturinn þá geymdur þar í nausti. Í byggðakönnuninni er einnig fjallað um götuna: Götugil hefur líklega verið austur af Súðavogi 8B en þar er slóði niður í fjöruna í dag. Um þetta gil lágu lóðamörk Kleppsmýrarbletts 9 og Klepps. Um Götugil hefur líklega legið gata. Almenn tólu götur fyrr á öldum skemmstu og bestu leið á milli bæja. Líklegt er því að á þessu svæði hafi legið leið á milli Bústaða, Ártúns og Klepps. Til að sleppa við mýrarnar og afrennsli þeirra hefur leiðin legið norður með fjörunni undir Háubökkum, frá Elliðaárkjafti að Götugil og síðan eftir holtinu frá Gelgjutanga að Kleppi. Í Byggðakönnuninni er lagt til að leiðinni niður að fjöru verði haldið opinni til minningar um þessa gömlu leið. Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir byggingu á þessu svæði. Staðsetning fornleifanna er sýnd á mynd 42 í Byggðakönnuninni. Minjastofnun Íslands telur að sýna þurfi staðsetninguna á skipulagsupprætti.*

Innan skipulagsreitsins voru eftirfarandi byggingar reistar eftir 1930: Útihús Víkur (231-48), íbúðarhús Bala (231-49), útihús Bala (231-50), íbúðarhús Óss/Arnarvogs (231-51), útihús Óss/Arnarvogs (231-52), íbúðarhús Strandar (231-55) og hæsnahús Strandar (231-56). Öll þessi mannvirki er horfin.

Á svæðinu voru breskar herbúðir, Camp Gíbraltar (231-54), sem síðar sameinuðust stærri bandarískum herbúðum, Camp Monmouth. Öll hús sem tilheyrðu setuliðinu eru horfin af svæðinu.

Minjastofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir við tillögu að deiliskipulagi Vogabyggðar 2 eins og hún var kynnt stofnuninni með uppdrætti og greinargerð dags. 31.10.2016. Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands


Guðný Gerður Gunnarsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og nágrennis


Kristinn Magnússon
verkefnastjóri

Afrit sent: Skipulagsstofnun

Afrit sent í tölvupósti:
Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík (skipulag@reykjavik.is)
Byggingarfulltrúi í Reykjavík (byggingarfulltrui@reykjavik.is)
Borgarsögusafn Reykjavíkur (minjavarsla@reykjavik.is)



Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík 13.júní 2025

Efni: Umsögn Veitna um skipulagslýsingu fyrir Sæbrautarstokk.

Veitur hafa fengið til umsagnar skipulagslýsingu fyrir vegstokks á Sæbraut. Eitt af markmiðum með gerð vegstokka er að bæta umhverfisgæði í aðliggjandi byggð og tengja betur saman hverfi sem eru aðskilin með umferðarþungum stofnbrautum. Á yfirborði stokksins er fyrirhugaður nýr borgargarður sem myndar græna tengingu milli Vogahverfis og Vogabyggðar. Með tilkomu stokksins verða hljóðvist og loftgæði á svæðinu betri og tækifæri skapast fyrir nýja byggð meðfram austurhluta stokksins.

Veitur hafa farið yfir skipulagslýsinguna og vilja koma eftirfarandi upplýsingum á framfæri:

- Fráveita Veitna þverar Sæbraut á þremur stöðum þar sem fyrirhuguð staðsetning stokksins er áætluð. Á öllum þessum stöðum er hæðarlega fráveitukerfis þannig að virkni kerfisins er í uppnámi vegna framkvæmda við vegstokkinn. Fráveitukerfið í Barðavogi við gatnamótin við Snekkjuvog kemur einnig til með að vera í uppnámi á framkvæmdatíma.
- Flutningskerfi hitaveitu liggur austan við Sæbraut, stofnlögn vatnsveitu liggur vestan við Sæbraut og 11kV háspennustrengur liggur í miðeyju á Sæbraut frá gatnamótum Sæbrautar við Miklubraut að gatnamótum Sæbrautar við Kleppsmýrarveg og Skeiðarvogs. Lagnirnar og strengurinn lenda í uppnámi vegna væntanlegs vegstokks á Sæbraut.
- 132kV háspennustrengur og Sogaræsi liggja við suðurenda stokkopsins. Mikilvægt er að háspennustrengurinn og Sogaræsi lendi ekki í uppnámi vegna framkvæmdanna.

Allir miðlar Veitna liggja meðfram og/eða þvera fyrirhugaða legu vegstokksins á Sæbraut. Því er ljóst að framkvæmdirnar munu hafa veruleg áhrif á veitukerfin og þar með á þjónustu til íbúa og fyrirtækja.

Veitur leggja áherslu á að tryggt verði að stofnlagnir verði áfram í fullum rekstri á meðan á framkvæmdum stendur. Nauðsynlegt er að fyrir liggi skýr og raunhæf lausn um meðhöndlun þeirra veitukerfa sem nú liggja innan fyrirhugaðs stokkstæðis, áður en deiliskipulag verður auglýst.

Enn fremur vilja Veitur undirstrika mikilvægi þess að nægt rými verði tryggt fyrir núverandi og framtíðar lagnaleiðir meðfram vegstokknum, sérstaklega með tilliti til umræðna um mögulega þéttingu byggðar meðfram framkvæmdasvæðinu.

Virðingarfyllst,
f.h. Veitna

Helga Rún Guðmundsdóttir



Reykjavíkurborg, umhverfis og skipulagssvið
Helena Stefánsdóttir

Reykjavík, 30. júní 2025
Tilvísun: 202506016 / 6.1

Efni: Lýsing fyrir tillögu að deiliskipulagi, Deiliskipulag Sæbrautarstokkur, Reykjavíkurborg, umhverfis og skipulagssvið

Reykjavíkurborg hefur, með erindi dags. 5. júní 2025, sent Skipulagsstofnun lýsingu til umsagnar skv. 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Lýsingin var samþykkt til kynningar í umhverfis- og skipulagsráði 21. maí 2025 og varðar tillögu að deiliskipulagi fyrir Sæbrautastokk, Vogatorg og Vogabyggð 4.

Samkvæmt lýsingunni, dags. í maí 2025, er gert ráð fyrir að vinna nýtt deiliskipulag fyrir Sæbrautastokk, Vogatorg og Vogabyggð 4 auk þess að gerðar verða breytingar á aðliggjandi áætlunum. Nýtt deiliskipulag felur í sér útfærslu á stokk á 1 km löngu svæði við Sæbraut, þar sem gert er ráð fyrir borgargarði og nýjum tengingum.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og telur að lýsingin geri ágætlega grein fyrir skipulagsáformum og hvernig staðið verður að gerð og umhverfismati tillögunnar.

Stofnunin bendir þó á að þar sem gert er ráð fyrir bráðabyrgða vegum og gatnamótum austan við framkvæmdasvæði, sem fellur væntanlega innan afmörkunar fyrir nýtt deiliskipulag fyrir Vogabyggð 4, þarf að gera grein fyrir því í deiliskipulagi þrátt fyrir að um tímabundna lausn sé að ræða. Kynna þarf þau áform vel fyrir íbúum og öðrum hagsmunaaðilum. Jafnframt þarf að gera grein fyrir þeim áformum í umhverfismati deiliskipulags.

Stafrænt deiliskipulag

Frá og með **1. júní 2025** þarf nýtt deiliskipulag sem berst stofnuninni skv. 42. gr. skipulagslaga, að berast á stafrænu formi auk þess sem því verði skilað á pappír líkt og verið hefur. [Gagnalýsing](#) og [leiðbeiningar](#) hafa verið gefnar út til að upplýsa notendur um innihald gagnanna og til að aðstoða bæði skipulagsfulltrúa og ráðgjafa við gerð stafræns deiliskipulags. Á vef [Skipulagsstofnunar](#) er auk þessa að finna sniðmát fyrir gerð stafræns deiliskipulags.

Sigríður Björk Jónsdóttir



Skipulagsstofnun

Sigríður Björk Jónsdóttir

Sigríður Björk Jónsdóttir
Sérfræðingur, svið skipulags

Undirritað með OneSign

Tilvísun 2024010092

Garðabær

03.07.2025

Nýtt deiliskipulag - lýsing

Umsögn Vegagerðarinnar



Móttakandi:

Sveitarfélag:	Reykjavíkurborg
Nafn:	Helena Stefánsdóttir
Netfang:	-

Nýtt deiliskipulag, lýsing:

Nafn skipulags:	Sæbrautarstokkur - Skipulagslýsing vegna nýrra deiliskipulagsáætlana og deiliskipulagsbreytinga - USK25050165
Hönnuður:	Reykjavíkurborg
Dags. gagna:	Maí 2025
Málsnúmer á skipulagsgátt:	775/2025

Síða 1/3

Vegagerðin hefur yfirfarið ofangreint efni með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar.

Vegir sem skipulagið hefur áhrif á:

Nafn vegar:	Sæbraut
Númer-kafla:	41-03 og 41-04
Vegflokkur:	Stofnvegur (S)
Vegtegund:	A34
Breidd veghelgunarsvæðis *	30m
Lágmarksfjarlægð á milli vegamóta:**	Vh<90 - 600m-2.000m Vh>90 - 3.000m

Vegagerðin
Suðurhrauni 3
210 Garðabæ
+354 522 1000

SNI-2305-1

*mælt til hvorrar handar frá miðlínu vegar.

**sjá Veghönnunarreglur.

Vegagerðin fer fram á að samráð sé haft við stofnunina við gerð deiliskipulags vegna hönnunar Sæbrautarstokks og bendir á að hafa þarf samráð við Veitur við gerð deiliskipulags vegna nýrrar legu stofnlagna, en taka þarf mið af helgunarsvæði lagna.

Hafa þarf samráð við Strætó BS og Betri Samgöngur og svo til framtíðar það opinbera hlutafélag sem kemur til með að halda utan um rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu vegna leiðarnets og staðsetningu stoppistöðva við áhrifasvæði stokksins bæði á framkvæmdatíma og rekstrartíma.

Vegagerðin bendir á að skv. Vegalögum nr. 80/2007 er veghelgunarsvæði 30 m breitt til hvorrar handar frá miðlínu stofnvega en 15 m frá miðlínu annara þjóðvega. **Framkvæmdir innan veghelgunarsvæðis eru háðar leyfi frá Vegagerðinni.** Vegagerðin óskar eftir að veghelgunarsvæði sé sýnt á uppdráttum skv. skipulagsreglugerð 90/2013, 5.3.2.5. grein.

Sæbrautarstokkur er ein af stofnvegaframkvæmdum fjármögnuð af Samgöngusáttmála og verður í umsjá Vegagerðarinnar. Þar sem skipulagsáætlunin innifelur verulegar breytingar á stofnvegi mun deiliskipulagið sæta umferðaröryggismati hjá Vegagerðinni skv. reglugerð nr. 899/2011. Umferðaröryggismat er skipuleg samanburðargreining á áhrifum nýs vegar, eða verulegra breytingar á núverandi vegakerfi, á umferðaröryggi.

Vegagerðin leggur áherslu á að allt framkvæmdasvæði vegna Sæbrautarstokks þarf að rúmast innan deiliskipulagsmarka. Í tengslum við hönnun stokksins, þá er sérstaklega kallað eftir samræmingu byggingarlínu húsa sem snúa að Sæbrautarstokk. Á þetta sérstaklega við um reit Vogabyggð 4 en einnig um allar tillögur sem gætu komið fram í framtíðinn um reiti kæmu til með að liggja meðfram stokknum.

Vegagerðin fer einnig fram á að gert sé ráð fyrir tveimur þjónustuhúsum tengdum Sæbrautarstokk og aðkomuvegum að þeim. Þau verða staðsett við Kleppsmýrarveg og austan megin við lóð Steinahlíðar.

Huga þarf vel að vali á gróðri á borgargarðinn sem lagt er til að liggi ofan á Sæbrautarstokki. Tryggja þarf að gróðurinn hafi ekki neikvæð áhrif á burðarvirki stokksins eða leiði til aukins viðhalds á mannvirkinu.

Vegagerðin vinnur útfærslu gatnamóta Sæbrautar við Kleppsmýrarveg og Skeiðarvog í samráði við Reykjavíkurborg til að tryggja sem best flæði fyrir alla vegfarendur.

Huga þarf vel að aðgengi fyrir gangandi og hjólandi og aðgengi að stoppistöðvum bæði Borgarlínu og Strætó. Hafa þarf samráð við Vegagerðina um stígatengingar yfir og í námunda við stokkinn.

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
Cecilía Þórðardóttir
Verkefnastjóri hjá
Höfuðborgarsvæði



Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartúni 12-12
105 Reykjavík

Reykjavík 3. júlí 2025
2025070046

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um mál nr. 775/2025 í skipulagsgátt, Sæbrautarstokkur - Skipulagslýsing vegna nýrra deiliskipulagsáætlana og deiliskipulagsbreytinga - USK25050165

Vísað er til máls nr. 775/2025 í skipulagsgátt, Sæbrautarstokkur - Skipulagslýsing vegna nýrra deiliskipulagsáætlana og deiliskipulagsbreytinga - USK25050165. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur farið yfir málið og gögn þess og gefur eftirfarandi umsögn

HER telur að vel sé gerð grein fyrir fyrirhugaðri vinnu við deiliskipulagsáætlanir og skipulagsbreytingar vegna Sæbrautarstokks. HER telur þó að tilgreina hefði þurft í skipulagslýsingunni hvaða umhverfisþættir væru líklegir til að valda áskorunum í skipulagsferlinu og taka fram að slíkt yrði ávarpað í skipulagsskilmálum þar sem þörf væri á. Hljóðvist og loftgæði geta t.d. orðið verið áskorun við munna Sæbrautarstokks og því þurfa skilmálar skipulags að tilgreina mótvægisáðgerðir og eftir atvikum, skilgreina hvernig starfsemi eða byggð getur verið á því svæði.

HER áskilur sér rétt til að koma með frekari athugasemdir á síðari stigum málsins.

Virðingarfyllt

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir
Verkefnastjóri



Reykjavík
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Garðabær, 18. júní 2025
202506-0033/A.B.
08.02

Efni: Umsögn - Lýsing - Deiliskipulag - Sæbrautarstokkur Reykjavík.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar er barst 6. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um lýsingu að deiliskipulagi fyrir Sæbrautarstokk. Í erindinu kemur fram að til stendur að setja Sæbraut í stokk á um 1 km löngum kafla, frá Miklubraut og norður fyrir gatnamót Kleppsmýrarveggar og Skeiðarvogs. Eitt af markmiðum með gerð vegstokka er að bæta umhverfisgæði í aðliggjandi byggð og tengja betur saman hverfi sem eru aðskilin með umferðarþungum stofnbrautum. Á yfirborði stokksins er fyrirhugaður nýr borgargarður sem myndar græna tengingu milli Vogahverfis og Vogabyggðar. Með tilkomu stokksins verða hljóðvist og loftgæði á svæðinu betri og tækifæri skapast fyrir nýja byggð meðfram austurhluta stokksins.

Friðlýst svæði – Háubakkar

Náttúruverndarstofnun bendir á að Háubakkar eru friðlýst sem náttúruvætti samkvæmt auglýsingu nr. 347/1983, og verndin tekur til jarðminja sem hafa mikið fræðilegt gildi. Í lýsingu á svæðinu kemur fram að markmið friðlýsingarinnar sé að vernda fágætar jarðminjar í núverandi mynd. Þar má meðal annars finna þykk setlög frá ísöld, þar á meðal Elliðavogslögin, sem veita mikilvæga innsýn í jarðsögu svæðisins og breytingar á loftslagi, sjávarstöðu og landmótun yfir hundruð þúsunda ára. Setlögin geyma einnig steingervinga sjávarlífvera og plöntuleifar sem varpa ljósi á lífríki þess tíma.

Háubakkar eru 2,1 ha að flatarmáli og staðsettir innst í Elliðaárvogi, sunnan við Naustavog og aðliggjandi athafnasvæði við Súðarvog. Auk þess bendir stofnunin á að svæðið er á appelsínugulum lista yfir verndarsvæði í hættu, m.a. vegna ásóknar ágengra tegunda og álags úr þéttbýli.¹

Í fyrirbyggjandi tillögu er gert ráð fyrir að Sæbraut verði lögð í stokk á u.þ.b. 1 km kafla, frá Miklubraut norður fyrir gatnamót Skeiðarvogs og Kleppsmýrarveggar. Framkvæmdasvæðið nær ekki beint inn á friðlýst svæði í Háubökkum en er í tiltölulega mikilli nálægð við það.

Náttúruverndarstofnun bendir á eftirfarandi atriði sem mikilvægt er að huga að við frekari þróun verkefnisins:

¹ <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/sudvesturland/haubakkar-reykjavik/>

- Framkvæmdin má ekki hafa áhrif á friðlýstar jarðminjar, s.s. með titringi, jarðraski eða breytingum sem kunna að valda raski á setlögum.
- Huga þarf að mögulegum óbeinum áhrifum, s.s. auknu álagi vegna mannvirkjagerðar í nálægum hverfum og skammtíma- eða langtímaágangi á svæðið vegna efnisflutninga eða annarra tímabundinna framkvæmda.
- Verndar- og stjórnunaráætlun svæðisins (gildandi til 2024) skal höfð til hliðsjónar í öllu mati og skipulagsgerð.²

Auk þess bendir stofnunarinn á að leyfi til framkvæmdar skal ekki veitt nema sýnt sé fram á að framkvæmd hafi ekki neikvæð áhrif á verndarmarkmið viðkomandi svæðis.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Fróði Guðmundur Jónsson
sérfræðingur

² https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Nattura/Fridlyst-Svaedi/Sudvesturland/Haubakkar/H%c3%a1ubakkar_verndarogstj%c3%b3rnunar%c3%a1%c3%a6tlun_undirrita%c3%b0.pdf

Reykjavík, 3.07.2025

Umhverfis og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Vegna auglýsingar: Sæbrautarstokkur - Skipulagslýsing vegna nýrra deiliskipulagsáætlana og deiliskipulagsbreytinga - USK25050165

Ágætu starfsmenn.

Stjórn Íbúasamtaka Laugardals (ÍL) hefur rýnt auglýsta skipulagslýsingu vegna nýrra deiliskipulagsáætlana og deiliskipulagsbreytinga fyrir Sæbraut í stökk.

Sæbraut í stökk ætti að verða til bóta fyrir íbúa aðlægra hverfa þegar hún er komin. Það er jákvætt að fá borgargarð einnig og mikilvægt að gæta vel að landi Steinahlíðar í þessu ferli og annarri uppbyggingu innviða og grænna gæðasvæða í borgarlandi.

Það vakna nokkrar spurningar nú þegar í þessu ferli.

1. Áður var gert ráð fyrir að strætó gæti ekið um Sæbrautarstokkinn ofanjarðar. Hvar fer strætó nú t.d. að Vogabyggð fyrir þau sem ætla að taka leið 12 niður í miðbæ svo dæmi sé tekið. Það þarf að gera grein fyrir aðgengi að strætóstoppistöðvum fyrir íbúa aðlægt (þ.e. stoppustöðvar Skeiðarvogur / Kleppsmýrarvegur) enda vegtengingin um Sæbraut mikilvæg fyrir hverfið.
2. Gæta þarf þess að loftmengun verði ásættanleg frá stökknunum í nálægri byggð.
3. Hvernig verða akstursleiðir að og frá Vogabyggð, verður hún botnlangi við þessar breytingar?
4. Lokað verður fyrir umferð frá Sæbraut inn á Súðarvog en gefið til kynna að ný tenging verði fyrir akandi umferð milli Suðurlandsbrautar og Súðarvogs ofan á stökknunum. Er hér verið að gera ráð fyrir að opna Suðurlandsbraut til austurs aftur fyrir almenna akandi umferð. Það er ekki ásættanlegt fyrir íbúa við austasta hluta Suðurlandsbrautar að opna aksturleið inn í Vogabyggð fyrir almenna umferð þaðan. Því mun fylgja mikill gegnumakstur óviðkomandi, fyrirsjáanlega.
5. Í dag er töluvert álag þungaflutninga frá Sundahöfn um Kleppsmýrarveg og jafnvel í gegnum Vogabyggð. Vegtengingar Kleppsmýrarvegar við Sæbraut þurfa að geta tekið við þeirri umferð.

Nokkrar sértækar athugasemdir að auki

- Á framkvæmdatíma er lögð áhersla á að tryggja ásættanlegt umferðarflæði. Þar til viðbótar þarf að tryggja við hönnun að aðlæg hverfi verði varin með virkum hætti fyrir umferð óviðkomandi, gegnumakstri sem skerðir lífsgæði íbúa.
- Þar sem verið er að taka atvinnuhúsnæði og breyta í íbúðarhúsnæði þarf að tryggja að mengaður jarðvegur við /aðlægt húsum sé fjarlægður til að tryggja heilnæmt umhverfi fyrir íbúa.

- Tryggja þarf aðgengi fyrir þau sem eiga erindi í Steinahlíð, starfsfólk, foreldrar og börn. Þar hefur aðkoma verið á bílum frá Suðurlandsbraut og fyrri tilraunir til að breyta því yfir í aðkomu frá Gnoðarvogi reyndust óásættanlegar.
- Tilgangur með Sæbraut í stokk er að tryggja frjálst flæði bílaumferðar að og frá fyrirhugaðri Sundabraut. Þar má benda á að vegna íbúa hverfanna aðlægt væri eðlilegt að lækka hámarkshraða í amk 50 km á klst á Sæbraut til að minnka umferðarnið og svifryk. Það myndi sýna að lýðheilsa borgarbúa sé höfð að leiðarljósi við þessa hönnun.
- Í nýjum hlutum Vogabyggðar er talað um blandaða byggða íbúða og atvinnuhúsnæðis. Því miður hefur endurtekið verið breytt eftir á notkun húsnæðis þannig að hús sem átti að verða hótél (td. við Grensás) er orðið að íbúðarhúsnæði og á Kirkjusandi var fyrirhuguðu atvinnuhúsnæði breytt í íbúðarhúsnæði. Slíkar breytingar eftir á setja í uppnám allar áætlanir um innviðapörf. Verða íbúar í aðlægum hverfum að geta treyst því að sýnd sá sama ábyrgð í áætlanagerð fyrir uppbyggingu skóla, leikskóla og heilsugæslu svo eitthvað sé nefnt, eins og fyrir húsbyggingar og bílaumferð.
- Vaka þarf yfir hættu á auknum gegnumakstri alls staðar í hverfunum aðlægt og vel þekkt þegar hvernig yfirfall umferðar um stórar vegtengingar endar inni í hverfunum á álagstímum. Beita þarf virkum aðferðum til að stýra því og minnka eins og hægt er, t.d. með hraðatakörkunum og jafnvel þyngdartakmörkunum á vegum.

Að lokum leggur stjórn ÍL til að forsenda þess að byrjað verði á framkvæmdum við Sundabraut sé að Sæbrautarstokkur verði kominn í fulla notkun.

Með von um góðar undirtektir

Fh stjórnar Íbúasamtaka Laugardals

Lilja Sigrún Jónsdóttir, formaður ÍL

Gerðarsafn

Cecilie Cedet Ragnheiðardóttir Gaihede

Umsögn birt 3.07.2025

Umsögn Gerðarsafns vegna listaverk eftir Gerður Helgadóttir við Dugguvogi 2.

PDF

Gerðarsafn- Athugasemd og umsögn listfræðings vegna fyrirhugaðra skipilagsbreytinga.pdf

JPG

Lagmyndir Gerður Helgadóttir2.jpg

JPG

Lagmyndir Gerður Helgadóttir1.jpg

JPG

Lagmyndir Gerður Helgadóttir.jpg

7

ATHUGASEMD OG UMSÖGN LISTFRÆÐINGS VEGNA FYRIRHUGAÐRA SKIPULAGSBREYTINGA – VERND LÁGMYNDA GERÐAR HELGADÓTTUR VIÐ DUGGUVOG 2

Undirrituð leggur fram eftirfarandi athugasemd við skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Sæbrautarstokk og aðliggjandi svæði, með vísan til staðsetningar og menningargildis á útilistaverki við Dugguvog 2 (1971) eftir Gerði Helgadóttur (1928–1975).

Verkið samanstendur af sjö lágmyndum sem eru fastmótaðar í suðurhlið atvinnuhússins við Dugguvog 2. Lágmyndirnar eru hluti af burðarvirki þess, mótaðar beint í steypu. Myndefnið byggir á geómetrískum formum með iðnaðartengdri myndrænni skírskotun sem tengist beint sögu byggingarinnar sem áður hýsti flutningafyrirtæki Gunnars Guðmundssonar. Slík nálgun á listaverki telst afar framsækin í listfræðilegu samhengi hérlandis og til marks um hugsun Gerðar Helgadóttur að list eigi að vera samofin samfélaginu og arkitektúr þess. Verkið er því ekki aðeins dæmi um vandaða fagurfræðilega úrvinnslu, heldur einnig um virka þátttöku listar í borgarlandslagi og félagslegri merkingu þess.

1. Sögulegt og listrænt gildi verksins

Verkið er eitt af fáum dæmum um samþættingu myndlistar í opinberu rými og arkitektúrs í borgarumhverfi frá þessum tíma hér á landi. Lágmyndirnar eru hluti af ytra byrði hússins og fela í sér einstaka aðferð þar sem mót voru steyppt beint í byggingarefni mannvirkisins. Verkið er ekki aðeins mikilvægt dæmi um þróun íslenskrar nútímalistar heldur einnig hluti af mikilvægu ferli listakonunnar Gerðar Helgadóttur, sem hefur skipað sér sess meðal virtustu listamanna Íslands á 20. öld.

2. Menningarvernd og skyldur opinberra aðila

Minjastofnun Íslands gerði árið 2022 álitssgerð um útilistaverkið að Dugguvogi 2 og mat verk Gerðar Helgadóttur í tengslum við gildandi löggjöf. Þar kom fram að húsið, reist árið 1972, fellur ekki undir lög um menningarminjar nr. 80/2012 og er því utan lögverndar Minjastofnunar. Samkvæmt niðurstöðu stofnunarinnar hvílir ábyrgð á varðveislu verksins fyrst og fremst á húseiganda og eftir atvikum á skipulagsyfirlöndum borgarinnar. Í ofanefndri úttekt er jafnframt vísað til skýrslu Borgarsögusafns Reykjavíkur nr. 171 (Vogabyggð svæði 1–3, byggðakönnun, fornleifaskrá og húsakönnun), þar sem lágmyndir Gerðar og byggingin sjálf eru metin til verulegs menningarsögulegs gildis: „Húsið hefur gildi sem hluti af listasögu Reykjavíkur auk þess að bera atvinnusögu svæðisins vitni. [...] Dugguvogur 2 er merkilegt hús sem fléttar saman myndlist og arkitektúr.“ Verkið er óaðskiljanlegur hluti af steinsteypnum vesturvegg hússins og þarf að gæta þess verulega ef færa þarf verkið frá upprunalegri staðsetningu án þess að skaða listrænt gildi þess. Á grundvelli framangreinds var lagt til að húsið væri flokkað í rauðan flokk hverfisverndar samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030.

3. Beiðni um mat og verndun

Fyrirhugaðar breytingar geta haft veruleg áhrif á ásýnd, heildarsamhengi og ástand lágmyndanna. Því óskar Gerðarsafn eftir því að verkið verði sérstaklega tekið til skoðunar í skipulags- og framkvæmdaferlinu. Leggja ætti mat á möguleg áhrif framkvæmdanna á verkið, bæði beint og óbeint. Einnig er óskað eftir að verkið verði skráð sem hluti af þeim menningarverðmætum sem njóta verndar innan ramma deiliskipulagsins. Auk þess óskar Gerðarsafn eftir að taka þátt í slíku samtali.

4. Áhersla á samráð og vernd

Gerðarsafn óskar eftir að vera virkur þátttakandi í umræðunni varðandi eftirfarandi framkvæmdir. Vegna hins háa varðveislugildis verksins í menningarsögulegu samhengi er mikilvægt að gæta öryggis verksins frá upphafi. Útbúa þarf skýrt varðveisluplan á meðan framkvæmdir standa yfir í samráði við sérfræðinga á sviði myndlistar. Ef stendur til að gera verulegar útlitsbreytingar á húsnæðinu óskar Gerðarsafn eftir að taka við verkinu til framtíðarvarðveislu í safneign safnsins.

Niðurstaða

Við teljum ótækt að halda áfram með framkvæmdir án ítarlegrar greiningar á áhrifum þeirra á verk Gerðar Helgadóttur við Dugguvog 2. Við hvetjum til tafarlausra verndunar- og varðveisluaðgerða, skráningar og faglegs mats í samstarfi við viðurkennda fagaðila, og býður Gerðarsafn fram sína sérfræðipækkingu í þessu ferli.


Virðingarfyllt,

Cecilie Ragnheiðardóttir Gaihede

Verkefnastjóri safneignar og rannsókna
Project manager of Collections and research
Gerðarsafn — Listasafn Kópavogs | Gerdarsafn – Kópavogur Art Museum
Náttúrufræðistofa Kópavogs | Natural History Museum of Kópavogur
Hamraborg 4–6
200 Kópavogur, Iceland
Tel: [+354 7746647](tel:+3547746647)
www.gerdarsafn.is
www.natkop.kopavogur.is









Reykjavík 30.júní 2025

Efni: Athugasemd við skipulagslýsingu fyrir Sæbrautarstokk

Ég vil koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við skipulagstillögu um að setja Sæbraut í stokk á um 1 km kafla, frá Miklubraut og norður fyrir gatnamót Kleppsmýrarveggar og Skeiðarvogs.

Þótt markmið tillögunnar séu í sjálfu sér jákvæð, að bæta umhverfisgæði og tengja saman hverfi, hef ég verulegar áhyggjur af áhrifum stokksins á hljóðvist og loftgæði við gangamunna. Hætt er á að hávaði frá umferð magnist upp vegna endurvarps hljóðs innan stokksins, sem getur leitt til þess að gangamunnarnir verði að auknum hljóðgjafa sem varpar hávaða út í nærliggjandi umhverfi. Þá þjóna gangamunnarnir einnig sem útblásturspunktar fyrir mengun frá umferð, sem án viðeigandi dreifingar getur skapað staðbundna mengun við op stokksins.

Mikilvægt er að tryggja að markmið stokksins um að bæta umhverfisgæði í nálægum byggðum leiði ekki til þess að neikvæð áhrif séu einfaldlega flutt til. Með því að setja aðeins hluta Sæbrautar í stokk er hætt á að áhrif hávaða og mengunar, sem annars myndu dreifast meðfram veginum, safnist saman við gangamunna. Þannig gæti framkvæmdin í raun fært vandann frá einum hóp í búa yfir á annan, í stað þess að leysa hann á heildstæðan hátt.

Auk þess vil ég benda á eftirfarandi atriði:

1. Óvissa um tengingu Sundabrautar:

Í kynningarefni tillögunnar kemur fram að stokkurinn sé ein af lykilforsendum fyrir flæði umferðar að og frá Sundabraut, sem áætlað er að byggja. Hins vegar liggur ekki fyrir hvar tenging Sundabrautar við Sæbraut verður. Þar sem mismunandi valkostir geta haft veruleg áhrif á umferðaraukningu á Sæbraut, er óljóst hvort núverandi hönnun stokksins með aðeins 1 km kafla sé nægjanleg til að mæta þeirri þróun.

2. Óvissa um áhrif þrengingar Suðurlandsbrautar:

Ekki liggur fyrir hvernig fyrirhuguð þrenging Suðurlandsbrautar, vegna Borgarlínu, tengist þessari framkvæmd. Sú þrenging hefur þegar vakið töluverðar umræður og mótmæli, og mikilvægt er að greina hvaða áhrif hún mun hafa á umferðarflæði á öðrum stofnæðum, þar á meðal Sæbraut. Slíkt getur haft bein áhrif á forsendur og virkni stokksins.

3. Aukinn umferðarþungi og áhrif á íbúðahverfi:

Samkvæmt umferðaspám mun umferð aukast á Sæbraut, bæði norðan og sunnan tengingar við Sundabraut. Þetta eykur enn frekar mikilvægi þess að hönnun stokksins taki mið af framtíðarumferð og áhrifum hennar á hljóðvist og loftgæði. Sæbraut er nú þegar sprungin og umferð leitar inn í íbúðahverfi, t.d. á Langholtsveg og Skeiðarvog þar sem fyrir eru tveir grunnskólar og fjöldinn allur af leikskólum. Þetta skapar hættu fyrir viðkvæma hópa og dregur úr öryggi og lífsgæðum íbúa í hverfinu. Mikilvægt er að vanda vel til verka við þær framkvæmdir sem eiga að draga úr neikvæðum áhrifum, en ekki leiða til þess að staðan versni enn frekar. Staðbundin umhverfisáhrif bílaumferðar kunna að minnka fyrir aðliggjandi byggð stokksins, en fyrirséð er að þau aukist annars staðar.

4. Þörf á heildstæðri nálgun:

Áður en ákvörðun er tekin um framkvæmdina tel ég nauðsynlegt að fyrir liggi heildstæð greining á áhrifum mismunandi tengimöguleika Sundabrautar og annarra samverkandi framkvæmda, og hvort 1 km stokkluti sé í raun nægjanleg lausn til að ná þeim markmiðum sem sett eru fram í tillögunni.

Ég legg því áherslu á að við hönnun og framkvæmd verði sérstaklega hugað að endurskoðun á lengd og legu stokksins í ljósi framtíðarumferðar og tengingar Sundabrautar.

Ég tel mikilvægt að þessar ábendingar verði teknar til greina við frekari úrvinnslu tillögunnar.

Virðingarfyllst,
Katrín Halldórsdóttir
Sigluvogur 5, 104 Reykjavík
[Redacted]